



10. október 2008

Tímabundin temprun á útflæði gjaldeyris

Til: innlánsstofnana

Frá: Seðlabanka Íslands

Vegna óvenjulegra aðstæðna er eftirfarandi upplýsingum og tilmælum beint til innlánsstofnana.

1. Búið er að grípa til ráðstafana til að draga úr erlendum úttektarheimildum á kreditkortum. Ekki er talin ástæða til að takmarka ferðamannagjaldeyri umfram það sem bankarnir sjálfir eru að gera vegna skorts á seðlum hjá þeim sjálfum. Eðlilegt er að bankar geri þá kröfu að framvísað sé farseðli eða ígildi hans og að viðkomandi sé í viðskiptum við banka/útibú.
2. Setja þarf upp forgangsafrgreiðslu á gjaldeyri vegna vöru- og þjónustuinnflutnings. Ekki er æskilegt að eyða tíma í að eltast við einstaka vöruflokk, heldur einbeita kröftum að því að fylgjast með hærri fjárhæðum. Þar sem starfsmenn bankaútibúa þekkja best til sinna viðskiptavina væri eðlilegt að þeir hefðu með höndum mat á því hvort beiðnir um gjaldeyriskaup vegna innflutnings eru vegna nauðsynlegs innflutnings á vöru og þjónustu. Yfirmenn ábyrgðust sölu gjaldeyrisins og gætu leitað til Seðlabankans til að fá úrskurð ef vafi léki á nauðsyn. Ef óskað er eftir kaupum á gjaldeyri frá Seðlabankanum vegna innflutnings vöru eða þjónustu skal senda tölvuskeyti þar að lútandi á tölvupóstfang: gjaldeyrisumsokn@sedlabanki.is. Þar verða beiðnir metnar og afgreiddar eins hratt og unnt er.
3. Í forgangsflokkum gætu t.d. verið eftirfarandi liðir, matvara, lyf, olíuvörur og opinber kostnaður erlendis.
4. Forðast ætti að nýta gjaldeyri sem kemur inn í bankana, til fjármála- tengdra gjaldeyrisviðskipta af neinu tagi.
5. Þeir bankar sem njóta fyrirgreiðslu Seðlabankans þurfa að gera sundurliðaða grein fyrir öllum gjaldeyrisviðskiptum sínum í lok hvers dags.